

Til hv. fjárlaganefndar,
Alþingi v/Austurvöll.

Reykjavík, 29. ágúst, 2023.

Háttvirta fjárlaganefnd,

Með erindi þessu sækir Steinshús ses til hv. fjárlaganefndar um 4,3 m. kr. styrk vegna framkvæmda sem skýrðar eru hér á eftir.

Steinshús geymir safn til minningar um eitt af höfuðskáldum Íslendinga, Stein Steinarr. Safnið stendur að Nauteyri við Ísafjarðardjúp, skammt frá Laugalandi í Skjaldfannardal þar sem Steinn Steinarr fæddist. Það hefur markað sér vaxandi sess í safnaflóru Vestfjarða. Þó safnið sé ungt að árum hefur Steinshús, og starfsemi sem því tengist, þegar reynst mikilvæg lyftistöng fyrir ferðapjónustu og búsetu í Inn-Djúpi. Almennar upplýsingar um safnið er að finna á vefsíðunni steinnsteinarr.is.

Í tengslum við safnið er rekið minnsta kaffi- og veitingahús landsins að sumrum. Þar hefur einnig verið útbúið lítil íbúð fyrir fræðimenn, rithöfundu og vísindamenn sem rannsaka náttúru við Djúp. Starfsemin hefur einnig mætt þörfum vaxandi fjölda ferðamanna um fræðslu um grannsvæðin, ekki síst Drangajökul. Áberandi er hversu margir ferðalangar, íslenskir og erlendir, hafa á síðustu árum leitað í Steinshús til upplýsinga um jökulinn, ástand hans og náttúrusögu. Geta má þess að Steinshús er síðasti opni áningarstaðurinn áður en komið er í Kaldalón, þaðan sem haldið er á jökulsporðinn.

Í auknum mæli koma göngumenn jafnframt í Steinshús, bæði til að ganga á fjöll en einnig til að skoða sérstaka náttúru, s.s. seli, stórhveli, melrakka, lóma með unga, og smyrta, en að öllu þessu má yfirleitt ganga á sérstökum stöðum. Engar gönguleiðir eru hinsvegar stikaðar eða sérstakir útsýnisstaðir merktir í grennd við Steinshús. Mikilvægt er að bæta úr því í ljósi aukinna vinsælda Steinshúss sem áfangastaðar og miðstöðvar stuttra gönguferða. Ekki er sótt um framlag til að hefja þetta verk, og munu “vinir Steins” undirbúa verkefnið fyrir næstu ár. Stjórnin áréttaði h.v. á aðalfundi sínum mikilvægi þess að gönguleiðir verði stikaðar í framtíðinni með tilliti til öryggis ferðamanna.

Stjórn Steinshúss ses hefur ennfremur lengi áformað að reisa stytta af Steini Steinarr við aðalinngang Steinshúss. Sigríður Lillý Baldursdóttir, myndlistarkona, gerði rómaða höggmynd af skáldinu, sem m.a. prýðir

höfuðrit Gylfa Gröndals, “Steinn Steinarr - leit að ævi skálds”.
Myndlistarkonan hefur nú boðið Steinshúsi ses afnot af höggmyndinni án endurgjalds. Hyggst stjórn félagsins ráðast í að láta stækka frumgerðina og setja á stall við Steinshús.

Umfram velvild fjárlaganefndar hefur safnið ekki notið teljandi opinberra styrkja. Rekstur starfseminnar, þ.á.m. kaffi- og veitingahúss að sumarlagi, byggist á vinnuframlagi sjálfboðaliða úr hópi “vina Steins” en það er formlegt stuðningsfélag um Steinshús. Sömuleiðis hefur endurgerð safnhúss og uppbygging safnsins að langmestu leyti verið kostuð af vildarmönnum þess.

Safnið hefur jafnt og þétt unnið sér sess sem mikilvægur samkomustaður til ýmiss konar viðburða að sumarlagi, s.s. leiksýninga og tónlistarflutnings. Gestum á árlega menningarviðburði í Steinshúsi fjölgar ár frá ári og koma nú hvaðanæva af Vestfjörðum, auka ferðalanga. Vestfirskir listamenn, og aðrir, hafa því sóst eftir að heimsækja Steinshús og fremja þar list sína. Samkomur á vegum þess hafa þannig “sprengt” húsið síðustu sumur.

Ótvírætt má því fullyrða að starfsemi Steinshúss hefur reynst menningarleg lyftistöng fyrir fámenna byggð og dregið að gesti frá öllum Vestfjörðum, og miklu víðar.

Sótt er um fjárstuðning vegna eftirtalinna framkvæmdaþátta :

1. Frágangur lóðar og næsta nágrennis Steinshúss

- Hellulögn
- Jarðvegsjöfnun
- Lokagerð sýnibeðs með villtum, vestfirskum blómum og jurtum.
- Afmörkun bílastæða
- Hitalagnir að þjónustuhúsi

Áætlun : 1.2 m.kr.

2. Lok ljósleiðaravæðingar

- Tengingar í Steinshúsi innanhúss og í þjónustuhúsi
- Endanlegur frágangur

Áætlun : 1.3 m.kr.

3. Fræðsla um Drangajökul (frumáfangi)

- Líkan af jöklinum
- Saga hans
- Ferðir um jökulinn
- Geirmundur Heljarskinn
- Minjar sem fram koma við hop jökulsins
- Snertiskjár

Áætlun: 1 m. kr.

4. Hleðslubúnaður fyrir rafbíla (lok)

- Lokafrágangur
- Öryggisatriði vegna umferðar á svæðinu.

Áætlun : 0,5 m. kr.

5. Höggmynd af skáldinu

- Ráðgert er að stytta af skáldinu (sjá að ofan) verði reist framan við aðalinngang Steinshúss.
- Höggmyndin mun byggja á listaverki Sigríðar Lillýjar Baldursdóttur, en samþykki hennar um notkun frumgerðar liggur fyrir.

Samanlögð fjárþörf Steinshúss ses vegna ofangreindra framkvæmda nemur því 6 m. kr. Safnið fer þess vinsamlega á leit við hv. fjárlaganefnd að hún sjái sér fært að veita því stuðning sem því nemur.

Fyrir hönd Steinshúss ses

Össur Skarphéðinsson, formaður